



Reykjavík 18.8.2025
2025080185

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 1029/2025, seiðaeidisstöð Benchmark Genetics í Kollafirði. Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu)

Vísað er til máls nr. nr. 1029/2025, seiðaeidisstöð Benchmark Genetics í Kollafirði. Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

Umrædd framkvæmd er ekki háð starfsleyfi hjá HER.

HER vill benda á að við framkvæmdir sem þessar ber að framkvæma áhrifamat vatnshlots í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar. HER telur að slíkt mat hefði átt að liggja fyrir í gögnum málsins enda ætti að byggja ákvörðun um matsskyldu m.a. á niðurstöðum þess. HER vill benda á að þrátt fyrir hreinsun á fráveituvatni er engu að síður hættu á aukinni losun næringarefna. Kollafjörðurinn er þegar undir miklu álagi en hann er viðtaki skólps frá iðnaðar- og athafnasvæðinu á Esjumelum. Viðtakinn hefur ekki verið skilgreindur en vinna við gagnaöflun er í gangi. Eins liggja fyrir drög að útfærslu brúar yfir fjörðinn vegna Sundabrautar og skv. þeim drögum verða miklar landfyllingar og aðeins skilið stutt bil fyrir vatnsskipti í firðinum. Áhrif þessa á fjörðinn og hæfni hans sem viðtaka hafa ekki verið metin.

Að mati HER eru ekki nægjanlegar upplýsingar til staðar til að svara fyrirspurn um matsskyldu á óbyggjandi hátt en verði viðtakinn metinn sem viðkvæmur getur það vissulega haft áhrif á kröfur vegna losunar fráveituvatns frá fyrirhugaðri seiðaeidisstöð og gert áhrif hennar mun meiri.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri



Varðar: Umsögn – fyrirspurn um matskyldu – Seiðaeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Kollafirði.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 18. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Reykjavíkurborgar um ofangreinda fyrirspurn um matskyldu.

Framkvæmdalýsing

Benchmark Genetics Iceland er fiskeldisfyrirtæki sem rekur seiðaeldisstöð í Kollafirði. Núgildandi starfs- og rekstrarleyfi hljóðar upp á 20 tonn en fyrirtækið hyggst auka framleiðsluna í 40 tonn. Til að auka framleiðslugetuna upp í 40 tonn þá stendur til að taka í notkun 3 af 7 útikerjum sem standa fyrir utan stöðina en hafa ekki verið í notkun í mörg ár. Til að bæta eldisaðstæður verður reist nýtt hús yfir þau útiker sem tekin verða í notkun.

Fiskeldisstöðin er staðsett við Mógilsárveg 37B og hefur fastanúmerið F2520642 skv. fasteignaskrá. Um er að ræða gamla eldisstöð sem byggð var árið 1961 og var rekin sem Laxeldisstöð ríkisins. Benchmark Genetics Iceland, áður Stofnfiskur, hóf starfsemi sína í henni árið 1991.

Landið og byggingar eru í eigu ríkisins en BG Iceland leigir það af Hafrannsóknarstofnun. Byggingar tengdar eldinu ná yfir svæði sem er 932 m² á lóðinni. Eldið er allt landeldi. Öll ker eru yfirbyggð nema 7 útiker sem eru ekki í notkun. Alls er eldisrúmmál kerja innanhúss um 298 m³ en með yfirbyggingu yfir þau 3 eldisker úti (264 m³) sem fyrirhugað er að taka í notkun þá eykst eldisrýmið í 562 m³. Ekki er fyrirhugað að nýta hin fjögur útikerin sem eru á svæðinu.

Með stækkun starfs- og rekstrarleyfis er fyrirhugað að byggja yfir og taka í notkun þrjú útiker sem staðsett eru fyrir utan stöðvarhúsið. Stöðin er ekki nálægt byggð en þó eru nokkur sumarhús í grennd og skógræktarsvæði.

Í greinargerð matskyldufyrirspurnar kemur fram að fyrirtækið telur ekki að um veigamikla framkvæmd sé að ræða. Um er að ræða að taka í notkun þrjú af sjö útikerum sem þegar eru til staðar og byggja yfir þau stálgrindarhú. Jafnframt er gert ráð fyrir uppsetningu á tveimur tromlusium til hreinsunar frárennslis sem anna því rennslis sem verður í viðkomandi lögnum.

Fyrirhugað er að reisa nýja u.þ.b. 630 m² byggingu yfir þrjú fyrirliggjandi útiker sem staðsett eru sunnan við núverandi stöðvarhús. Byggingin verður einangrað stálgrindarhús á steyptri plötu sem byggð verður á járnbentum sökkli. Byggingin verður hönnuð í samræmi við íslenska staðla, af viðeigandi löggildum hönnuðum. Byggingin rúmast innan núgildandi byggingarreits skv. mæliblaði 34.252.3 frá Reykjavíkurborg, dags 15.07.2022 sjá viðauka 1. Sótt verður um byggingarleyfi fyrir nýbygginguna hjá Reykjavíkurborg.

Umhverfisáhrif

Í samantekt um áætluð umhverfisáhrif á einstaka umhverfisþætti vegna framkvæmdarinnar kemur fram í fyrirspurninni að áhrif á lífríki vatns og vatnsgæði eru talin óveruleg. Þá eru áhrif á

gróðurfar og fuglalíf einnig talin óveruleg sem og áhrif á hljóðvist, landslag og ásýnd og landnotkun/samgöngur. Engar fornminjar munu verða fyrir áhrifum.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að með umsókn um starfsleyfi skuli fylgja öll viðeigandi og nauðsynleg gögn sem lúta að mati á áhrifum starfseminnar á nærliggjandi svæði, s.s. strandsjávarvatnshlotið Straumsvík-Kjalarnes (104-1391-C).

Út frá ofangreindum atriðum og með tilliti til umfangs og eðlis framkvæmdar, gerir Reykjavíkurborg ekki ráð fyrir að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sækja þarf um breytingu á deiliskipulagi og byggingarleyfi áður en framkvæmdir hefjast. Við breytingu á deiliskipulagi og umsókn byggingarleyfis þurfa að liggja fyrir ákveðin gögn og samþykktir.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. ágúst 2025
USK25070309

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14.8.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Seiðaeldisstöð Benchmark Genetics í Kollafirði - Matsskyldufyrirspurn - Umsagnarbeiðni

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. júlí 2025 var lögð fram umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar, dags. 18. júlí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn um matsskyldufyrirspurn Benchmark Genetics Iceland, dags. 10. júlí 2025, en ráðgert er að tvöfalda seiðaframleiðslu Benchmark Genetics að Mógilsá í Kollafirði. Núverandi framleiðsla er 20 tonn á ári en verður 40 tonn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. ágúst 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. ágúst 2025, samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa
Þuríður María Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. ágúst 2025.



Reykjavík

Umsögn Fiskistofu dags. 12. ágúst 2025

Fiskistofa

Hera Katrín Aradóttir

Umsögn birt **12.08.2025**

Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskgengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Benchmark Genetics Iceland hyggst sækja um stækkun starfs- og rekstrarleyfis seiðaeldisstöðvar í Kollafirði, úr 20 tonnum í 40 tonn. Í seiðaeldisstöðinni er einungis um landeldi að ræða. Viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar vegna mögulegra slysasleppinga (frárennslisvatn stöðvarinnar fer núna í gegnum stálistar, fiskigildir eru úti, tromlusíur munu vera settar upp eftir framkvæmdina) og ekki hefur verið vart við að fiskur hafi sloppið úr stöðinni þau ár sem eldið hefur verið í gangi.

Sér Fiskistofa því ekki tilefni til þess að gera athugasemd við framkvæmdina, þar sem hverfandi líkur eru á því að framkvæmd hafi áhrif á lífríkið. Einungis er ítrekað að halda skuli áfram að gæta ýtrustu varúðar og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slysasleppingar.

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 12.08.2025
Tilvísun: 2508114

Umsögn Matvælastofnunar um matsskyldufyrirspurn Benchmark Genetics Iceland hf. um fyrirhugaða breytingu á seiðaeldisstöð að Mógilsá, Kollafirði.

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar, dagsett 18. júlí 2025, um umsögn Matvælastofnunar vegna matsskyldufyrirspurnar Benchmark Genetics Iceland hf. um breytingu á seiðaeldisstöð að Mógilsá, Kollafirði. Óskað er umsagnar um hvort breytingin sé til þess fallin að framkvæmdin þurfi í umhverfismat.

Starfsemin er háð rekstrarleyfi Matvælastofnunar sem gefur út rekstrarleyfi til fiskeldi og hefur eftirlit með rekstri og búnaði í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með velferð og fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Benchmark Genetics Iceland hf. rekur seiðaeldisstöð í Kollafirði. Núgildandi leyfi eru fyrir 20 tónna lífmassa. Seiði fara þaðan á klakstöðvar fyrirtækisins í Vogavík og Kalmanstjörn. Fyrirtækið áformar að auka lífmassa í stöðinni í allt að 40 tonn.

Matvælastofnun vil taka fram að ekki er fjallað um sjúkdóma né velferð eldisfiska í tilkynningunni en starfsemin er þegar undir eftirliti og er það mat Matvælastofnunar að þeir þættir séu nú þegar í góðu horfi en leggur áherslu á að hvergi verði dregið úr áherslu á þá þætti við aukinn lífmassa.

Matvælastofnun vill einnig benda á að nauðsynlegt er að leggja fram nákvæma afstöðumynd þar sem gert er grein fyrir niðurföllum, sleppivörnum og staðsetningu fiskigilda. Kallað verður eftir slíkri mynd þegar rekstaraðili sækir um aukninguna til Matvælastofnunar.

Matvælastofnun telur að framkvæmdinni sé lýst nægjanlega vel í tilkynningu. Rétt er samt sem áður að hugað verði að þeim þáttum sem bent er á hér að ofan. Stofnunin telur ekki ástæðu til þess að farið verði fram á umhverfismat m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskilyrða eða sjúkdómavarna vegna aukningarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Steinar Rafn Beck Baldursson
Fagsviðsstjóri leyfamála

Umsögn Veitna dags. 30. júlí 2025

Veitur

Helga Rún Guðmundsdóttir

Umsögn birt **30.07.2025**

Veitur hafa fengið til umsagnar matskyldufyrirspurn frá Benchmark Genetics vegna fyrirhugaðrar aukningar á seiðaframleiðslu að Mógilsá í Kollafirði. Veitur hafa kynnt sér erindið og gera ekki athugasemdir, þar sem ekki er gert ráð fyrir aukinni vatnsnotkun.

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

24. júlí 2025
UOS2507212/A.P.

Efni: Umsögn – matsskyldufyrirspurn – seiðaeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Kollafirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 18. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda fyrirspurn um matsskyldu.

Starfsemin og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og nýtingarleyfi skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Framkvæmdalýsing

Benchmark Genetics Iceland hf. rekur seiðaeldisstöð í Kollafirði. Núgildandi leyfi eru fyrir 20 tonna lífmassa og ársframleiðslu. Sjógönguseiði fara þaðan á klakstöðvar fyrirtækisins í Vogavík og Kalmanstjörn. Fyrirtækið áformar að auka framleiðsluna í 40 tonn. Ekki er alveg ljóst hvort um sé að ræða 40 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma eða ársframleiðslu.

Til að hægt verði að auka framleiðsluna stendur til að taka í notkun 3 af 7 útikerjum sem standa nú þegar fyrir utan stöðina en hafa ekki verið í notkun. Einnig verður reist nýtt hús yfir þessi þrjú útiker. Eldisrýmið mun þannig aukast úr 298 m³ í 562 m³.

Vatn er fengið úr lind en um sjálfrennandi vatn er að ræða. Notast er við 65 l/s af fersku vatni, 2,1 l/s af heitu vatni úr borholu á svæðinu og 3,9 l/s af heitu vatni frá Orkuveitu Reykjavíkur. Ekki er gert ráð fyrir aukinni notkun á vatni heldur stefnt að því að endurnýta vatn sem kemur úr eldishúsi fyrir nýju kerin.

Gert er ráð fyrir að setja upp tvær tromlusíur til hreinsunar frárennslis þannig að ekkert frárennslí muni fara frá stöðinni ósíað. Umhverfis- og orkustofnun telur mjög jákvætt að hugað sé að hreinsun frárennslis og þannig lágmörkun losunar næringarefna út í umhverfið. Í matsskyldufyrirspurn kemur fram að frárennslíð renni úr skurðum í læk og síðan í litla tjörn og endar að lokum í strandsjávarvatnshlotinu Straumsvík-Kjalarnes (104-1391-C). Stofnunin bendir á að með umsókn um starfsleyfi skal fylgja með áhrifamat starfseminnar á strandsjávarvatnshlotið, sjá útgefnar leiðbeiningar stofnunarinnar.¹ Umhverfis- og

¹ [Leiðbeiningar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.](#)

orkustofnun vill leiðrétta umfjöllun um vatnshlotið en umhverfismarkmið þess eru að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Vöktun hefur sýnt að vistfræðilegt ástand vatnshlotsins er metið mjög gott en efnafræðilegt ástand er óþekkt svo ekki er rétt að segja að samkvæmt vatnavefsjá nái það umhverfismarkmiði sínu um efnafræðilega gott ástand.

Með tilliti til umfangs og eðlis framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegu tækni telur Umhverfis- og orkustofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur

Vigdís Louise Jónsdóttir

sérfræðingur